



# Kjós um um nýja stjórnarskrá í vor

## Kjallari

Össur Skarphéðisson  
utanríkisráðherra



Niðurstaðan í kosningum síðustu helgar um drög að nýrri stjórnarskrá var svo afdráttarlaus að þjóðin kom sjálfri sér efalítið á óvart. Fáa óraði fyrir svo skýrri niðurstöðu. Tvennt vekur sérstaka athygli. Í fyrsta lagi var þátttakan miklu betri en flestir buggust við. Helmingur allra atkvæðisbærra Íslendinga tók þátt, eða um 116 þúsund manns. Það er meira en gerist að jafnaði í Sviss, þar sem þjóðar- atkvæði er tíðast, og miklu meira en þegar þjóðin gekk til kosninga um stjórnlagaráð árið 2011. Árið 1918, þegar Íslendingar greiddu atkvæði um fullveldið, tóku færri þátt, aðeins 44%. Óhikað má því telja þátttökuna um helgina mjög góða.

Í öðru lagi voru niðurstöðurnar um allar spurningarnar sem lagðar voru fyrir þjóðina miklu meira afgerandi en nokkur átti von á. Yfirgnæfandi meirihluti vill nýja stjórnarskrá á grunni draganna sem stjórnlagaráðið vann fyrir þingið. Yfirgnæfandi meirihluti vill þjóðareign á auðlindum, jafnt atkvæðavægi og auka beint lýðræði í formi þjóðaratkvæðagreiðslna. Góður meirihluti

tók enn fremur afstöðu gegn stjórnlagaráði varðandi þjóðkirkjuna, og vill að í stjórnarskránni verði ákvæði um stöðu hennar.

Varla þarf nokkur maður – ekki heldur formaður Sjálfstæðisflokksins – að velkjast í vafa um vilja þjóðarinnar. Íslendingar vilja nýja stjórnarskrá. Þeir eru mjög sáttir við að hún byggist á þeim grunni sem var lagður fyrir þjóðina í ráðgefandi atkvæðagreiðslu um síðustu helgi.

### Tökum höndum saman

Alþingi hefur ekki í nokkru öðru máli verið jafn vel nestað af þjóðinni. Grundvöllur stjórnarskrárdraganna var lagður af þúsund manna þjóðfundum, sem valinn var með slembiúrtaki. Hugmyndina að honum átti Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. Sérstök nefnd stjórnskipunarsérfræðinga og annarra vann niðurstöður þjóðfundarins upp í hendur fulltrúa þjóðarinnar, sem hún kaus beinni kosningu 2011, og breyttist í stjórnlagaráð.

Vissulega hafa skoðanir á stjórnarskránni verið skiptar milli flokka og manna meðan á þessu ferli stóð. Það er eðlilegur partur af lýðræðinu.

Nú ætti sá kafli að vera frá. Þjóðin sjálf hefur talað mjög skýrt um þau aðalatriði sem fyrir hana voru lögð í þjóðaratkvæði. Slíkar deilur er því

„Íslendingar vilja nýja stjórnarskrá. Þeir eru mjög sáttir við að hún byggist á þeim grunni sem var lagður fyrir þjóðina í ráðgefandi atkvæðagreiðslu um síðustu helgi

rökrétt að skilja eftir í fortíðinni. Við þingmenn eigum að grafa stríðsexina, og taka höndum saman um að vinna nýja stjórnarskrá á þeim grunni sem yfirgnæfandi meirihluti varð sam- mála um.

Verkefnið núna er að mynda sem víðtækasta samstöðu á Alþingi um að koma í framkvæmd þeim skýra þjóðarvilja sem birtist í niðurstöð- um þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Það er besta leið Alþingis til að vinna sér trúnað og virðingu þjóðarinnar á ný- an leik.

### Kjós um í vor

Málið er í reynd mjög langt komið. Menn hafa bent á einstaka þætti í drögunum sem þarf að slípa, og að það þurfi að stilla af ýmis ákvæði til að gæta innbyrðis samræmis. Sú vinna hefur verið í gangi í hópi sérfræðinga um stjórnskipun sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Al-

þingis, undir sterki forystu Valgerðar Bjarnadóttur, hefur haft sér til liðsinnis. Sú mikla forvinna sem þegar hefur verið unnin, og sú skýra samstaða sem birtist í þjóðaratkvæðagreiðslunni um meginatriðin, á því að gera mögulegt að leggja fram frumvarp að nýrri stjórnarskrá svo fljótt að unnt verði að ljúka fyrstu umræðu um hana fyrir jól.

Tímenn yfir jól og áramót, og þangað til þing kemur saman aftur á nýju ári, verður hægt að nota til að inna af höndum þá frekari vinnu sem jafnan þarf að leggja í þingmál milli fyrstu og annarrar umræðu. Í rökréttu framhaldi af því gæti fyrsta mál á dagskrá Alþingis á nýju ári því verið önnur umræða um frumvarp til nýrrar stjórnarskrár. Ef þingmenn taka höndum saman, og leggja sig í framkröka um að hrinda ótvíræðum vilja þjóðarinnar í framkvæmd þarf því ekkert kraftaverk, aðeins góðan vilja og málefnalegt starf, til að Alþingi geti lokið afgreiðslu á fullbú- inni stjórnarskrá áður en það lýkur störfum fyrir kosningar í vor.

Við þær aðstæður væri í senn eðlilegt og rökrétt miðað við þetta samfylgd þjóðar og þings í málinu frá fyrsta skrefi, að ný stjórnarskrá væri lögð aftur fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða þingkosningum í vor. Það væri lýðræði í verki.